

Umhverfis- og skipulagsráð

b.t. Guðlaugur H. Sigurjónsson

Tjarnargötu 12

230 Reykjanesbær




Efni : Ósk um uppsetningu LED-ljósaskiltis á
Baldursgötu 14, Keflavík

Knattspyrnudeild Keflavíkur kt. 541094-3269, hefur samið við Fjölskylduhjálp Íslands um að fá að setja upp LED ljósaskilti á húsnæði Fjölskylduhjálpar við Baldursgötu 14, Keflavík, þar sem nú er staðsett flettiskilti, að því gefnu að heimild fáiast frá Reykjanesbæ.

Um er að ræða nýjan lið í fjáröflun knattspyrnudeildarinnar og getur orðið félaginu afar mikilvægt til lengri tíma litið. Gert er ráð fyrir að hið nýja skilti verði jafn stórt og núverandi flettiskilti og mun deildin tryggja að öllum skilyrðum verði fylgt í hvítvetna, m.a. um birtustig, fjölda skiptinga o.fl. sem kann að koma til álita.

Samhliða erindi þessu sendir deildin erindi um uppsetningu skilta á nokkrum öðrum stöðum í bænum.

Reykjanesbæ 31.mars 2023



Fh.Knattspyrnudeildar Keflavíkur

Böðvar Jónsson, formaður



Umhverfis- og skipulagsráð

b.t. Guðlaugur H. Sigurjónsson

Tjarnargötu 12

230 Reykjanesbær



Efni : Ósk um uppsetningu LED-ljósaskiltis á
auglýsingaklukku við qatnamót Hafnarötu og Aðalgötu

Knattspyrnudeild Keflavíkur kt. 541094-3269, hefur samið við Kiwanis hreyfinguna í Reykjanesbæ um að fá að nota auglýsingafleti á klukkunni sem staðsett er á hringtorgi við gatnamót Hafnarötu og Aðalgötu og setja þar upp LED ljósaskilti, að því gefnu að heimild fáiast frá Reykjanesbæ.


Um er að ræða nýjan lið í fjáröflun knattspyrnu- deildarinnar og getur orðið félaginu afar mikilvægt til lengri tíma lítið. Gert er ráð fyrir að hin nýju LED skilti fylli inn í þá fleti sem áður voru notaðir undir auglýsingar og mun deildin tryggja að öllum skilyrðum verði fylgt í hvívetna, m.a. um birtustig, fjölda skiptinga o.fl. sem kann að koma til álita.

Samhliða erindi þessu sendir deildin erindi um uppsetningu skilta á nokkrum öðrum stöðum í bænum.

Reykjanesbæ 31.mars 2023

Fh.Knattspyrnudeildar Keflavíkur

Böðvar Jónsson, formaður



Umhverfis- og skipulagsráð

b.t. Guðlaugur H. Sigurjónsson

Tjarnargötu 12

230 Reykjanesbær



Efni : Ósk um uppsetningu LED-ljósaskilta við Hringbraut

Knattspyrnudeild Keflavíkur kt. 541094-3269, óskar eftir leyfi til þess að setja upp LED ljósaskilti við Hringbraut í Keflavík, Reykjanesbæ. Um er að ræða tvo fleti sem eru aftan á nýrri vallarklukku á knattspyrnuvellinum við Sunnubraut en snúa út að Hringbrautinni.



Um er að ræða nýjan lið í fjáröflun knattspyrnudeildarinnar og getur orðið félaginu afar mikilvægt til lengri tíma litið. Deildin mun að sjálfsögðu fylgja öllum þeim reglum og kröfum sem bærinn mun hugsanlega setja vegna notkunar á slíku skilti, m.a. um birtustig, fjölda skiptinga o.fl. sem kann að koma til álita. Þá má skoða að nota skiltið aðeins hluta úr sólarhring en slökkt sé á kvöldin og næturnar svo það trúfli ekki íbúa í nágrenninu.

Samhliða erindi þessu sendir deildin erindi um uppsetningu skilta á nokkrum öðrum stöðum í bænum.

Reykjanesbæ 31.mars 2023

Fh.Knattspyrnudeildar Keflavíkur

Böðvar Jónsson, formaður



Umhverfis- og skipulagsráð

b.t. Guðlaugur H. Sigurjónsson

Tjarnargötu 12

230 Reykjanesbær



Efni : Ósk um lóð til uppsetningar á LED-ljósaskilti

Knattspyrnudeild Keflavíkur kt. 541094-3269, sækir hér með um lóð frá Reykjanesbæ til að setja upp auglýsingaskilti fyrir vegfarendur sem eiga leið um Reykjanesbraut, m.a. til og frá Keflavíkurflugvelli.

Uppsetning auglýsingaskilta hefur aukist mikið á undanförunum árum, sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu. Í kringum flesta aðþjóðaflugvelli í heiminum er talsvert um slík auglýsingaskilti sem bæði auglýsa fyrir heimamenn en ekki síður fyrir þá ferðamenn sem um fara. Lítið hefur hins vegar verið sett upp af slíkum skiltum hér á landi.

Undirritaður sér fyrir sér tvo sérlega ákjósanlega staði til uppsetningar á slíku skilti sem sjá má á meðfylgjandi mynd. Fáist leyfi frá Reykjanesbæ yrði sótt um öll leyfi sem nauðsynleg eru, m.a. til Vegagerðar o.fl.

Um er að ræða nýjan lið í fjáröflun knattspyrnudeildarinnar og getur orðið félaginu afar mikilvægt til lengri tíma lítið. Mun deildin tryggja að öllum skilyrðum verði fylgt í hvívetna, m.a. um birtustig, fjölda skiptinga o.fl. sem kann að koma til álitu.

Samhliða erindi þessu sendir deildin erindi um uppsetningu skilta á nokkrum öðrum stöðum í bænum.



Reykjanesbæ 31.mars 2023

Fh.Knattspyrnudeildar Keflavíkur

Böðvar Jónsson, formaður

Umhverfis- og skipulagsráð

b.t. Guðlaugur H. Sigurjónsson

Tjarnargötu 12

230 Reykjanesbær



Efni : Ósk um leyfi til uppsetningar á led-ljósaneti á vesturhlið Reykjaneshallar

Knattspyrnudeild Keflavíkur kt. 541094-3269, sækir hér með um leyfi frá Reykjanesbæ til að kanna möguleika á að sett verði upp LED-ljósanet á vesturhlið Reykjaneshallarinnar. Um er að ræða nýja möguleika í auglýsingu, sem ætlað er fyrir stærri fleti og sjást lengra að en ef um hefðbundna LED skjái væri að ræða. Myndu auglýsingar sem birtast á netinu þannig sjást vel að frá Reykjanesbraut.

Gert er ráð fyrir að verkefnið yrði unnið í samvinnu við knattspyrnudeild UMFN og báðar deildir gætu fengið af því tekjur til framtíðar. Fáist leyfi frá Reykjanesbæ yrði tryggt að öllum skilyrðum verði fylgt í hvívetna, m.a. um birtustig, fjölda skiptinga o.fl. sem kann að koma til álita.

Samhliða erindi þessu sendir deildin erindi um uppsetningu skilta á nokkrum öðrum stöðum í bænum.

Reykjanesbæ 31.mars 2023

Fh.Knattspyrnudeildar Keflavíkur

Böðvar Jónsson, formaður

